

Ár 1998, miðvikudaginn 15. apríl, var í málinu nr. 9/1997 kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR:

Með bréfi dags. 28. nóvember 1997 kærir Stefán Sigtryggsson, f.h. Sjóners ehf., kt. 461087-1329, úrskurð Fasteignaskráningar byggingarfulltrúans í Hafnarfirði, um álagningu sérstaks fasteignaskatts árin 1995, 1996 og 1997 vegna eignarhluta kæranda í fasteigninni Lækjargötu 2 í Hafnarfirði. Í bréfi kæranda segir m.a.:

“Undirritaður kærir hér með úrskurð Fasteignaskráningar byggingarfulltrúans í Hafnarfirði 28. október s.l. en þar er hafnað rökstuðningi okkar í bréfi frá 16. október s.l. um að ekki beri að telja húsnæði sem í eru reknar myndbandaleigur sem stofn til sérstaks skatts á skrifstofu og verslunarhúsnæði.”

Um frekari rökstuðning er í kærubréfinu vísað til meðfylgjandi gagna og einnig til rökstuðnings sem fylgt hafi kæru félagsins til nefndarinnar frá 26. október s.l. í samskonar deilumáli. Kærubréfinu fylgdi afrit af bréfi kæranda til Hafnarfjarðarbæjar dags. 16. október 1997, en í því bréfi segir m.a. að bréfinu fylgi ljósrit af atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands frá febrúar 1970, og af ÍSAT 95, en í báðum flokkununum sé gerður skýr greinarmunur á verslunarstarfsemi annars vegar og útleigu lausafjármuna (t.d. myndbandaleigu) hins vegar.

Í 1. mgr. bráðbirgðaákvæðis laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, segir m.a.:

“Sérstakan fasteignaskatt, sem nema skal 1.25% að hámarki af álagningarstofni, er heimilt að leggja á fasteignir sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða. Skattskylda samkvæmt þessu ákvæði hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eða lögum nr. 65/1982 um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum. Skattskyldan nær til sömu aðila og samkvæmt fyrri lögum um sama efni.”

Þá segir í lokamálslið 2. mgr. ákvæðisins:

“Skattyfirvöld skulu veita sveitarstjórnnum þær upplýsingar sem þörf er á í sambandi við framkvæmd ákvæðis þessa, þar á meðal skal heimila sveitarstjórnnum aðgang að skrám yfir aðila sem skattlagðir voru á grundvelli V. kafla laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum.”

Með bréfi dags. 14. nóvember 1997 óskaði Yfirfasteignamatsnefnd eftir upplýsingum Ríkisskattstjóra um hvernig háttáð hafi verið skattlagningu samkvæmt ákvæðum laga nr. 111/1992 þegar fasteign var nýtt til reksturs myndbandaleigu. Bréfið var ritað í tilefni af kæru dags. 16. október 1997 vegna annarra fasteigna kæranda. Í svarbréfi Ríkisskattstjóra til nefndarinnar dags. 24. mars 1998 segir:

“Húsnæði sem nýtt er til rekstrar á myndbandaleigu var talið falla að þeim fasteignum er sérstakur eignarskattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði tók til. Gerð var könnun á þessari framkvæmd þeirra laga er hér áttu við á árum áður. Var umræddur skattur lagður á þær eignir er hér um ræðir og er ekki kunnugt um að vafi hafi verið talinn leika á um þá framkvæmd.

Engin kærumál eða dómsmál fundust er vörðuðu þennan þátt skattsýslunnar og virðast því engin mál liggja fyrir. Engir úrskurðir eða dómur varðandi skyldu eigenda þess húsnæðis sem nýtt var til rekstrar á myndbandaleigum til greiðslu skattsins eru þar af leiðandi handbærir.


Má því ætla að skattframkvæmdin hafi verið ótvíræð í þá veru að leggja hinn sérstaka eignarskatt á húsnæði myndbandaleiga.”


Samkvæmt framangreindu bréfi Ríkisskattstjóra var skattframkvæmd í tíð eldri laga ótvíræð í þá veru að leggja hinn sérstaka eignarskatt á húsnæði myndbandaleiga. Með hliðsjón af því og efni bráðabirgðaákvæðis laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga þar sem gert er ráð fyrir að skattskyldan nái til sömu aðila og samkvæmt fyrri lögum telur Yfirfasteignamatsnefnd eigi efni til að taka framangreinda kæru til greina.

### Úrskurðarorð

Greiða ber sérstakan fasteignaskatt af eignarhluta kæranda í fasteigninni Lækjargötu 2 í Hafnarfirði sem nýttur er til reksturs myndbandaleigu.

  
Pétur Stefánsson

  
Guðný Björnsdóttir

  
Guðmundur Magnússon